

Ed.

192. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

2., 3., 4. og 5. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum, skal þinglýsa veðbréfinu á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi, eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglýsingardegi, þótt síðar verði lýst.

Eigi veðsali heima utan kaupstaða, skal lýsa veðbréfinu á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem áður segir, ef út af er brugðið. Hafi því verið þinglýst á réttum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í l. nr. 30 7. maí 1928, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá þinglýsa bréfinu að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann kom þangað.

Svo skal og þinglýsa öllum veðskuldbindingum, sem þegar hafa verið gefnar fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera innan sama frests og að framan greinir, eftir að lög þessi ná gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. hafa flutt frv. á þingskjali 191 um breyting á l. nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing. Breyting sú, er það frv. gerir ráð fyrir, er í því fólgin, að þinglýsing skjala skuli fara fram á bæjarþingi í kaupstöðum landsins, einnig utan Reykjavíkur. Verði það frv. að lögum, er nauðsynlegt að breyta l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð, til samræmis í þá átt, sem frumvarp það, er hér liggur fyrir, ráðgerir. Einnig er í frv. þessu gert ráð fyrir, að frestur til þinglýsingar lausafjárveðskjala sé dálítið lengdur, þar sem reynslan sýnir, að frestur sá, er nú gildir, er fullstuttur. Að öðru leyti felur frv. þetta ekki í sér efnisbreytingar á veðlögunum.